

## Fréttablað apríl 2019



### Samstarf

1. mars komu Gestur og Sissa í heimsókn ásamt yngri skólakórnum. Börnin sungu fyrir okkur nokkur lög, það var virkilega gaman að fá svona fjölmennan hóp í heimsókn til okkar í nýja salinn. Um miðjan mars kom Gestur aftur í heimsókn og var þá með fjóra nemendur úr tónlistarskólanum með sér. Arnar Már og Bríet Eva spiluðu á píanó, Guðrún Anna á klarínett og Haraldur spilaði á saxafón. Þau spiluðu nokkur lög fyrir okkur í lokin sungu þau Hákarlalagið og allir dönsuðu og sungu með.

Ása, Alda, Ásta Júlía og Jón frá félagsstarfi eldri borgara komu og lásu fyrir börnin á Huldu- og Álfaheimum. Það var gaman að fá þau öll í heimsókn og áttu börn og fullorðnir gott spjall að loknum lestri.



### Heimsóknir

Í byrjun mars komu nemandur frá FSu sem eru í uppeldisfræði áfanga. Nemandurinn dvöldu hjá okkur part úr degi og kynntu sér starfsemi leikskólans og gera verkefni út frá heimsókninni. Tveir stórir starfsmannahópar komu til okkar í mars en það var annars vegar starfsfólk Hellukots á Hellu og starfsfólk Undralands í Hveragerði. Þau komu til þess að skoða leikskólann, lóðina og kynna sér starfið hjá okkur. Þökkum við öllum kærlega fyrir komuna.



### Karellen

Í mars tókum við í gagnið Karellen skráningarkerfið í staðinn fyrir Mentor. Vona ég að allir foreldrar séu búnir að koma sér upp aðgangi þar. Ég hvet þá sem ekki eru komir með aðgang að fara inn á [karellen.is](http://karellen.is) og finna þar leiðbeiningar hvernig hægt sé að fá aðgang eða hafa samband við okkur í leikskólanum.



## Íþróttasýning

Íþróttasýning verður fimmtudaginn 11. apríl kl. 10.00 í íþróttahúsinu, foreldrum og ættingjum er sérstaklega boðið að koma og horfa á íþróttasýninguna, sem er þó opin öllum, og er þetta jafnframt síðasti íþróttatíminn í vetur. Settur verður upp stöðvahringur eins og gert er allan veturinn. Vinsamlega athugið að yngstu börnin taka ekki þátt í sýningunni.

Biðjum við foreldra að sitja kyrr í stúkunni á meðan börnin fara með kennurum sínum í búningsklefana. Borið hefur á því að foreldrar eru að koma inn í búningsklefa og verður þá erfiðara fyrir báða aðila að kveðja.

**Biðjum við foreldra að virða þetta.**



## Foreldrafundur 6 ára barna

Þriðjudaginn 30. apríl kl. 8.10 verður fundur foreldra 6 ára barna, fundurinn er haldinn í kaffistofu leikskólans. Á þessum fundi þurfa foreldrar að **skila uppsögn á leikskólavistinni**, svo hægt sé að skipuleggja aðlögun nýrra nemenda í leikskólann. Fulltrúi frá Frístund mætir og verður með umsóknareyðublöð fyrir næsta vetur og kynnis hvað er í boði í Frístund.

### Vikan 1.- 7. apríl

- 2. apríl Félag eldri borgara kemur í heimsókn á Ás- og Dvergaheima.
- 4. apríl Íþróttir, muna þægilegan fatnað.
- 5. apríl söngstund og **blár litadagur**.

### Vikan 8. -14. apríl

- 11. apríl íþróttasýning kl. 10, allir velkomnir að koma og sjá afrakstur vetrarins.
- 12. apríl rugldagur, opið á milli deilda kl. 10-11.

### Vikan 15. -21. apríl

- 18. apríl skírdagur, leikskólinn lokaður.
- 19. apríl föstudagurinn langi, leikskólinn lokaður.

### Vikan 22. – 28. apríl

- 22. apríl annar í páskum, leikskóli lokaður.
- 25. apríl sumardagurinn fyrsti, leikskólinn lokaður.
- 26. apríl söngstund.

### Vikan 29. apríl– 5. maí

- 30. apríl foreldrafundur 6 ára barna.
- 1. maí Verkalýðsdagurinn, leikskólinn lokaður.
- 3. maí starfsdagur, leikskólinn lokaður.

Með kveðju

Elsa aðstoðarleikskólalastjóri